



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. málefnaviðs nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina
Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 9. október 2020

Efni: Umsögn SA og SI um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun og drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð, mál 201 og 202/2020

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvörpum til laga um opinberan stuðning við nýsköpun og drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð, mál nr. 201 og 202/2020 í samráðsgátt. Samtökin lýsa yfir fullum stuðningi við frumvörpin og áform stjórnvalda að efla nýsköpunarumhverfi, rannsóknir og þróun hér á landi enn frekar.

Frumvörpin eru í góðu samræmi við nýsköpunarstefnu stjórnvalda og taka einnig mið af stefnumótun Vísinda- og tækniráðs sem nýlega kom fram. Samtökin fagna auknum stuðningi við rannsóknir og nýsköpun sem koma m.a. fram í auknum framlögum til samkeppnissjóða, endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar auk stofnunar Kríu. Sjaldan hefur nýsköpun verið gert jafn hátt undir höfði og nú enda hlýtur aukin verðmætasköpun og sókn til betri líf skjara að byggja á rannsóknum og tækniþróun ásamt því að virkja hugvit og framtak fólks til framfara.

Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun eru lagðar til tímabærar og jákvæðar breytingar til að efla opinbert stuðningsumhverfi nýsköpunar. Áformin eru í takti við breytingar sem hafa að undanförunni verið gerðar á hlutverki og stuðningi ríkisins við nýsköpun. Nauðsynlegt er að endurskoða stuðningskerfi hins opinbera með reglulegu millibili með það markmið að forgangsraða í þágu mikilvægustu verkefnanna. Með þessum breytingum er skerpt á hlutverki ríkisins og áhersla lögð á verkefni sem skila ábata og þörf er á aðkomu hins opinbera.

Samtökin styðja við breytingar sem gerðar eru á nýsköpunarumhverfi byggingariðnaðarins í þeim tilgangi að efla það og styrkja. Taka samtökin einnig heilshugar undir mikilvægi þess að koma á og halda uppi öflugum rannsóknum á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar en allt of lítið fjármagn hefur runnið til slíkra verkefna á undanförunum árum. Það er löngu tímabært að framlög til byggingarannsókna verði aukin og fagna samtökin því að komið verði á fót rannsóknarsjóði byggingarannsókna.

Lengi hefur verið kallað eftir auknum áherslum á nýsköpun í byggingariðnaði en Rannsóknarmiðstöð byggingariðnaðarins (hér eftir „Rb“) hefur sinnt þeim verkefnum eftir bestu getu innan Nýsköpunarmiðstöðvar (hér eftir „NMÍ“) um langt skeið.

Um þessar mundir eru þó miklar breytingar í farvatninu og tækifæri til nýsköpunar í byggingar- og mannvirkjagerð eru gríðarleg, bæði hér á landi og erlendis. Markaðurinn kallar eftir nýjum lausnum m.a. til að draga úr sóun og töfum, auka gæði og byggja grænna og hagkvæmara. Nú er því rétti tíminn til að koma þessum málum í öflugan farveg. Til að ná þeim markmiðum er brýnt að mótuð verði langtímaáætlun um rannsóknir og þróun í byggingariðnaði. Samtökin fagna því að til stendur að Byggingavettvanginum, samráðsvettvangi hagaðila í bygginga- og mannvirkjagerð, verði falið að móta slíka áætlun og ætlast til þess að stjórnvöld muni styðja við bakið á slíkri áætlun þegar hún liggur fyrir. Þá er jákvætt að sjá að rannsóknarverkefnum á sviði efnis-, líf- og orkutækni verði gert hátt undir höfði.

Hjá NMÍ hefur einnig verið unnið að fræðslu og gagnasöfnun í tengslum við mannvirkjagerð með útgáfu svokallaðra Rb-blaða. Í blöðunum eru birtar mikilvægar niðurstöður rannsókna um málefni sem snerta byggingariðnaðinn. Samtökin áréttu mikilvægi þess að útgáfa umræddra blaða verði eflað og þau gerð aðgengilegri. Blöðin eru í raun kennsluefni um rétta aðferðarfræði og eru því til þess fallin að auka gæði, draga úr tjóni og efla þekkingu í greininni. Samtökin fagna því áformum um að halda starfseminni áfram innan Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Tryggja þarf nægilegt fjármagn til verkefnisins og vinna að forgangsriðun verkefna í samráði við atvinnulífið og menntastofnanir.

Samtökin hafa gagnrýnt samkeppnisrekstur opinberra aðila enda er hann til þess fallinn að raska eðlilegri samkeppni á markaði og koma niður á verðmætasköpun í atvinnulífi. Því fagna samtökin fyrirætlunum stjórnvalda að endurskoða samkeppnisrekstur ríkisins á sviði prófana. Í greinargerð með drögum að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun kemur fram að mikilvægt sé að tryggja samfellu í framleiðslu byggingarvara hvað varðar þær prófanir sem ekki eru forsendur til að framkvæma á markaði að svo stöddu. Samtökin taka undir þetta en áréttu að það er ekki síður mikilvægt að sleppa tókum þegar markaðurinn er tilbúinn að taka við keflinu. Samtökin taka undir að bæta þurfi umhverfi og fyrirkomulag prófana í byggingariðnaði og mikilvægt að framkvæmdin geti samræmst regluverkinu. Áherslur sem finna má í greinargerð með frumvarpinu um mikilvægi faggildingar eru réttmætar og er tekið undir þær.

Að lokum leggja samtökin áherslu á að atvinnulífið er best til þess fallið að koma auga á og meta samfélagslegar áskoranir í byggingariðnaði hverju sinni. Í ljósi þessa telja samtökin mikilvægt að Samtök iðnaðarins hafi fulltrúa í fagráði, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í drögum að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð, sem er ætlað að vera stjórn Tækniþróunarsjóðs til ráðgjafar um fagleg málefni við úthlutun til hagnýtra byggingarrannsókna árin 2021 - 2023.

Virðingarfyllst,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Halldór Benjamín Þorbjörnsson
framkvæmdastjóri SA